

Alþingi  
Erindi nr. P 140/434  
komudagur 25.11.2011



Reykjavík 23. nóvember 2011

Tilv.: Tillaga til þingsályktunar, þingskjal 83 – 83. mál.

Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga hefur borist tillaga til þingsályktunar, þingskjal 83, um lista- og náttúrugarð fyrir blinda, til umsagnar.

Miðstöðin fagnar því að lögð sé fram tillaga um lista- og náttúrugarð fyrir einstaklinga með fatlanir og að skilningur sé á því að öðruvísi uppsetning og hönnun garða sé nauðsynleg einstaklingum með skynhamlanir og því verði að gera ráð fyrir breyttu fyrirkomulagi við gerð lista- og náttúrugarða.

Það er hins vegar álit Miðstöðvarinnar að heppilegra sé að tryggja jafnt aðgengi allra að hvers kyns görðum, listum og söfnum. Því sé ekki æskilegt að gera ráð fyrir sérúrræðum í listum, söfnum og görðum heldur gera alla slíka staði aðgengilega fyrir alla íbúa hvort sem þeir búa við einhverja fötlun eður ei.

Miðstöðin leggur því til að stofnuð verði nefnd um aðgengi fyrir alla á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins sem hefur leiðbeinandi hlutverk varðandi aðgengi í almenningsgörðum, á söfnum og á listviðburðum hvers konar. Nefndin getur skoðað aðgengi, verið ráðgefandi og tilnefnt einstaklinga með sérþekkingu til aðstoðar við uppsetningu listverka, val á verkum og aðgengismál hvers konar. Miðstöðin myndi með ánægju tilnefna einstakling fyrir sína hönd í slíka nefnd ef þess væri óskað.

Virðingarfyllst,

Huld Magnúsdóttir

Forstjóri